

Sp. 787. Tillaga til þingsályktunar [347. mál]

um þjóðaráttak í trjárækt á 40 ára afmæli lýðveldisins.

Flm.: Gunnar G. Schram, Eiður Guðnason, Guðmundur Einarsson, Páll Pétursson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að 40 ára afmælis lýðveldisstofnunar á Íslandi verði minnst með þjóðaráttaki í trjárækt í þéttbýli og dreifbýli.

Greinargerð.

Á merkum tímamótum í sögu þjóðarinnar hefur trjá- og skógrækt oft verið ofarlega á baugi. Skógræktarfélag Íslands var stofnað á Þingvöllum 1930 í tengslum við 1000 ára afmæli

Alþingis. Við stofnun lýðveldisins á Íslandi 1944 gekkst landsnefnd lýðveldiskosninga ásamt stjórn Skógræktarfélags Íslands fyrir stofnun Landgræðslusjóðs sem hefur leyst af höndum mörg og góð verkefni. Á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar var gerð sérstök landgræðsluáætlun fyrir árin 1974—78, en af þeirri þjóðargjöf var ekki varið nema 17% til skóg- og trjáræktar. Svipað hlutfall mun gilda á endurskoðaðri landgræðsluáætlun fyrir árin 1981—84.

Vegna hinnar nánú samvinnu, sem alla tíð hefur verið á milli Skógræktarfélags Íslands og Skógræktar ríkisins, hefur þátttaka almennings í trjá- og skógræktarmálum verið mjög mikil og vinna sjálfbodaliða í þágu trjá- og skógræktar nemur mörgum þúsundum dagsverka. Má því ætla að hlutur skógræktarfélaganna, sem eru rúmlega 30 að tölu víðs vegar um land, geti orðið drjúgur við þetta verkefni sem hér er gerð tillaga um. Enn fremur er líklegt að garðyrkjufélögin geti orðið virkir þátttakendur.

Í framhaldi af þessari þingsályktunartillögu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin skipi 10 manna framkvæmdanefnd sem í ættu sæti þingmenn ásamt fulltrúum frá Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Sú nefnd legði fram framkvæmda-áætlun í stórum dráttum, en síðan kæmi til kasta sveitarstjórna víðs vegar um land að ákveða hvernig heppilegast væri að standa að framkvæmdum. Lögð verði áhersla á samstarf við einstök skógræktarfélög svo og önnur þau félagasamtök og einstaklinga sem vilja leggja málinu lið. Þáttur ríkisvaldsins yrði fyrst og fremst að leggja eitthvað af mörkum til kynningar og fræðslu varðandi átakið.

Æskilegt væri að starf Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna beindist á þessu ári sérstaklega að þessu marki með faglegum leiðbeiningum og útvegum plantna sé þess kostur.

Gera má ráð fyrir að skógræktarfélögin, einstaklingar og félagasamtök leggi fram töluverða sjálfbodavinnu, svo og að sveitarstjórnir muni leggja fram eitthvert fé í þessu skyni. Um framkvæmda- og fjárhagshliðina yrði annars fjallað af ofangreindri nefnd og ríkisstjórn. Í þessu sambandi má geta þess að margar sveitarstjórnir lögðu fram verulegan skerf í þessu skyni á ári trésins 1980.

Augljóst er að mjög er misjafnt eftir aðstæðum á einstökum stöðum á landinu hvernig háttar til í þessum efnum, og sömuleiðis að víða ber að leggja jafnmikla eða meiri áherslu á undirbúningsvinnu fyrir farsæla trjárækt. Með þessari tillögu er lögð höfuðáhersla á vönduð og fagleg vinnubrögð og að þetta átak verði upphaf að áframhaldandi starfi að trjárækt í þéttbýli sem dreifbýli, en verði um leið hvatning til landsmanna allra um að láta til sín taka og ljá málinu lið.